

Fornleifaskráning vegna Rammaáætlunar í Vattardal og Hvanneyrardal



Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

NV nr. 15-20

Nóvember 2020

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		DAGSETNING: NÓVEMBER 2020	
		DREIFING: ☐ OPIN ☐ LOKUÐ TIL: ☒ HÁÐ LEYFI VERKKAUPA	
SKÝRSLA NR: NV NR. 15-20	VERKNÚMER: 576		
HEITI SKÝRSLU: FORNLEIFASKRÁING VEGNA RAMMAÁÆTLUNAR Í VATTARDAL OG HVANNEYRARDAL		BLAÐSÍÐUR: 39	
		UPPLAG: 5	
HÖFUNDUR: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR		FJÖLDI KORTA: 2	
		GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG: LOKIÐ	
VERKEFNISSTJÓRI: KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR		UNNIÐ FYRIR: UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTI	
ÚTDRÁTTUR FORNLEIFASRKÁNING VEGNA RAMMAÁÆTLUNAR Í VATTARDAL OG HVANNEYRARDAL. FORNLEIFASKRÁNINGIN FÓR FRAM Í VATTARDAL Í AUSTUR BARÐASTRANDASÝSLU OG HVANNEYRARDAL Í NORÐUR ÍSAFJARÐARSÝSLU. LOFTMYNDIR VORU KANNAÐAR FYRIR HÁLENDIÐ Á SUÐAUSTUR HLUTA GLÁMUSVÆÐIS. ALLS VORU SKRÁÐAR 15 MINJAR Á ÞESSU SVÆÐI.			
LYKILORÐ ÍSLENSK: FORNLEIFASKRÁNING. RAMMAÁÆTLUN		LYKILORÐ ENSK: ARCHAEOLOGICAL SURVEY.	
UNDIRSKRIFT VERKEFNASTJÓRA:		YFIRFARIÐ AF: MARGRÉT HRÖNN HALLMUNDSÓTTIR	

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	4
2.2 Skráning fornleifa	6
3. Matssvæði	6
3.1 Svæði 1 - Hvanneyrardalur og Miðdalur	6
3.2 Svæði 2, 3 og 4 - Miðdalur og Hvanneyrardalur, suðaustur hluti Glámu, Vattardalsá og Tröllsá	18
3.3 Svæði 5 – Vattardalur	21
4. NIÐURSTÖÐUR	33
5. HEIMILDASKRÁ	35
6. KORT	37


1. INNGANGUR

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti gerði samning við Náttúrustofu Vestfjarað um fornleifakönnun vegna Rammaáætlunar 4 í Vattardal, Hvanneyrardal og suðaustur hluta Glámusvæðis á Vestfjörðum. Matssvæðin eru skilgreind út frá hugmyndum um virkjanir á þessu svæði.

Rannsóknasvæðinu var skipt niður í fimm undirsvæði (sjá mynd 1). Stærsta svæðið (svæði 3) er á suðausturhluta hálendis sem nefnist Gláma. Síðan teygir svæðið sig niður Hvanneyrardal og Miðdal niður í Ísafjörð til norðaustur (svæði 1 og 2) og fylgir Vattardalsá og Tröllá niður í Vattarfjörð til suðurs (svæði 4 og 5).

Farið var yfir lágflugsmyndir og loftmyndir af svæðum 2, 3 og 4 og voru svæði 1 og 5 gengin þar sem og minjar voru mældar upp. Vettvangsvinna fór fram frá 8-11. september 2020 og var unnin af Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttir fornleifafræðingi sem jafnframt sá um skýrslu og kortagerð.

Þessi fornleifakönnun er liður í því að gera faghópi 1 kleift að meta svæðið fyrir rammaáætlun 4. Ef af framkvæmdum verður á svæðinu þurfa framkvæmdaaðilar að láta framkvæma frekari fornleifaskráningu lögum samkvæmt. Þessi nálgun uppfyllir t.d. ekki kröfur um fornleifaskráningu fyrir umhverfismat á svæði 2-4 en ætti að gefa faghópi 1 nægilega góða mynd af fornleifum á svæðinu til að meta verðmæti svæðisins.



Mynd 1. Svæði 1 og 2 teygir sig niður Hvanneyrardal og Miðdal niður í Ísafjörð til norðausturs. Svæði 3 er stærsta svæðið og er á suðausturluta háeldis sem nefnist Gláma. Svæði 4 og 5 fylgir Vattardalsá og Tröllá niður í Vattarfjörð til suðurs.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Rýnt var yfir loftmyndir og lágflugsmýndir til að staðsetja minjar í báðum fjörðunum og á hálendinu. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki við fornleifaskráningu á vettvangi.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Á þeim stöðum þar sem minjar fundust voru teknir staðsetningarpunktar með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda

aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

„Skyld er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

„fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða

framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2498 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2498-001.

3. MATSSVÆÐI

3.1 Svæði 1 - Hvanneyrardalur og Miðdalur

Svæðið nær frá botni Ísafjarðar og u.þ.b fimm km upp með Ísafjarðará, að ármótum Miðdalsár og Hvanneyrardalsár. Tvö eyðibýli eru skráð í dalnum og eru það Glámuvellir og Tókustaðir. Gömul leið er frá Ísafirði yfir í Mjóafjörð sem nefnist Hestakleif. Vegarlóði liggur austan megin í dalnum og liggur hann upp á hálendið. Dalurinn einkennist af gömlum og nýjum árfarvegum og skriðum úr fjöllum og er mikill hluti dalsins mýrlendi.



Mynd 2. Herforingaráðskort frá 1912-13. Hvanneyrardalur

Númer: 2498-001

Sérheiti: Glámuvellir

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 332919

N:590355

Ástand: Ekki sést til fornleifa

Staðhættir

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 segir um Glámuvelli; „Glámuveller



Mynd 3. Horft yfir svæðið þar sem Glámuvelli eiga að vera staðsettir samkvæmt korti Landmælinga Íslands.

heitir fornt eyðiból fremst í botninum á dalnum, sem gengur fram af Ísafirði austan fram við ána, og sjást hjer enn nú ljós merki tótta og girðíngaleifa, en ekki vita menn annað til þess að hjer hafi byggð verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, því land er mjög í hrjóstur komið, og túnið, sem verið hefur, rifhrísi og víðir vaxið. Þetta land brúkar nú enginn sjerlega nema þá bændur úr þessari sveit og Vatnsfjarðarsveit lára reka þángað geldfje, lömb eður naut, sem þó er mjög svipult og ekki almenn venja, gjalda þó öngvan toll þar fyrir, nema hvað þeir kunna að forlíka við þá bændur, sem á tvær hendur næst við eyðidalinn búa.”¹

Í Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði segir að Glámuvellir séu staðsettir neðst í taglinu fyrir framan Þurragil.² Á Kortavefsjá Landmælinga Íslands eru Glámuvellir staðsettir við mynni Torfdals.

Minjalýsing

Engin ummerki sjást af býlinu Glámuvellir. Býlið var komið í eyði um 1710 og ekki mátti þar byggja aftur vegna heyskapaleysis. Svæðið einkennist af gömlum árfarvegum og miklu grjóti. Ofar í hlíðinni hefur kjarr tekið yfir og neðar í hlíðinni nær núverandi árfarvegum er landið mosa og grasi vaxið. Líklegt er að fornleifar eru að finna undir gróðrinum þar sem svæðið hefur ekki verið raskað í seinni tíð.

Númer: 2498-002

Sérheiti: Tókustaðir

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 336089

N: 591582

Ástand: Ekki sést til
fornleifa



Mynd 4. Horft yfir svæðið þar sem staðsetning Tókustaða er samkvæmt kortum.

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII. bindi, 224.

² Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði

Staðhættir

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 segir um Tókustaði; „*Tókustader, annað eyðiból í sama dal. Um það er alt hið sama að segja og Glámuveli, nema þar sjest ekki til túngarðsleifa so glögglega, en tóttarústir nýlegri, og meina það því síðar bygt verið hafa. Ekki vita nálægir að undirretta hvörri jörðu þessi lönd tilheyri, nema hvað Vatnsfjarðarstaður skal eiga beit nokkra og skógarhögg, vide Vatnsfjörð.*“³

Í Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði segir; „*Áður fyrr var rétt á Tókustaðaeeyrum, og sér enn fyrir henni. Hefur sennilega verið hlaðin úr torfi. Var flutt að Eyri 1897. Á Tókustöðum sér móta fyrir tóttum á hól fyrir ofan eyrarnar.*“⁴

Býlið er merkt inn á Atlaskort (Mynd 5) sem var gert af landmælingadeild danska herforingaráðsins á fyrstu fjórum áratugum 20. aldar.⁵



Mynd 5. Tókustaðir merkt inn á Atlas kort (Kort frá landmælingum Íslands).

Minjalýsing

Engin ummerki sjást af býlinu Tókustöðum þar sem gróður hefur tekið yfir svæðið og er það mestmegnis mýri. Mikið af þúfum er á svæðinu og hafa stórir steinar fallið niður úr fjallinu að ofan. Samkvæmt kortum eiga Tókustaðir að vera staðsettir á hjallinum ofan við rétt [2498-003] en engin greinileg mannvist var að finna á svæðinu. Árið 1710 var býlið

³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII. bindi, 224.

⁴ Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði

⁵ Atlaskort, Landmælingar Íslands.

komið í eyði og hefur gróður lagst yfir og því ekki sjáanlegt á vettvangi. Líklega eru fornleifar að finna þar undir þar sem svæðinu hefur ekki verið raskað í seinni tíð.

Númer: 2498-003

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 336029 N: 591634

Ástand: Greinanleg

Staðhættir

Réttin er staðsett undir hjalli þar sem bærinn Tókustaðir eiga að vera staðsettir að ofan samkvæmt Kortavefsjá Landmælinga Íslands.

„Afréttarlöndin á dölum fram af í Ísafirði og Mjóafirði ná saman við dalina er ganga inn af Skálmarfirði í Barðastrandarsýslu. Í sumarhögum gekk saman fé úr Vatnsfjarðarsveit og Múlasveit og

Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu og var því samgangur og samvinna manna úr byggðum beggja vegna heiða í haustleitum. Fyrrum var sá háttur hafður á að smalamenn úr Djúpi og Múlasveit mættust á heiðum á miðri leið og skiptust á rekstrum. Fyrr á tíð var réttað fram í firði þar sem heitir á Tókustöðum en sú rétt var aflögð um 1898 eftir að Kleifakot fór í eyði.“⁶



Mynd 6. Fornleifafræðingur að störfum við að skrá réttina. Þar sést náttúrulegt grjótt notað í vegg og torfhleðslu réttarinnar.

⁶ Guðrún Ása Grímsdóttir. 2012: 103.




Mynd 7. Réttin í Hvanneyrardal þar sem hleðslan sést fara upp að náttúrulegu berginu.

Minjalýsing

Réttin er vel greinileg og hefur verið notast við náttúrulegt berg sunnan megin réttarinnar sem vegg. Veggjahæð er um 0.50 m og breidd veggja er um 1 m þar sem hann er breiðastur. Stór bergsteinn er í norðaustur enda réttarinnar og er minna grjót notað í norðaustur enda. Op virðist vera í austur enda réttarinnar. Réttin er um 15 x 10 m að innanmáli.

Líklega hefur verið réttin verið hlaðin úr torfi að hluta líkt og segir í örnefnaskrá Eyrar í Ísafirði; „Áður fyrr var rétt á Tókustaðaeysum, og sér enn fyrir henni. Hefur sennilega verið hlaðin úr torfi. Var flutt að Eyri 1897.“⁷

⁷ Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði



Mynd 8. Rétt 2498-003 merkt inn á kort og Tókustaðir merkt inná þar sem býlið átti að vera.

Númer: 2498-004

Sérheiti: Hestakleif

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A:335306

N:592234

Ástand: Greinanlegar

Staðhættir

Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1912-13. Nýr vegur var lagður um 1930 þar sem farið



Mynd 9. Hestakleif þar sem gömul leið liggur upp bratta klettana.

var upp Eyrarfjall nálægt bænum Eyri. Gamla leiðin er sjáanleg á loftmyndum af svæðinu og er hún staðsett austan við Hestakleif og þaðan yfir heiðina að bænum Kleifarkoti í Mjóafirði.

Í örnefnaskrá Eyrar í Ísafirði er sagt um Hestakleif; „Niður Stúfhjalla rennur Hestakleifargil, en við það eru landameri Eyrar, að innan. Utan til við Hestakleifargil er djúp og mikil gjá, er sameinast gilgljúfrinu á Stúfhjalla. Gjá þessi hefur ekkert sérstakt nafn svo að nú sé kunnugt, en tungan sem myndast milli hennar og gilgljúfursins, nefnist Giltunga. Fyrir ofan brúnina er þarna lægð, er nefnist Hestakleifalægð. Vegurinn liggur þarna upp á brún Hestakleifargils, og er bæði afarbrattur og illur yfirsóknar. Hitt mun þó enn verra ókunugum hve óglöggur hann er og hættulegur ákunugum í dimmviðri, sakir nálægðar hrikalegra gljúfra.“⁸

Minjalýsing

Sagt er frá leiðinni Hestakleif í tímaritinu Vestri frá árinu 1915. Þar segir; „Ísafjörður er álíka langur og Mjóifjörður og Skötufjörður, aðkreptar og ósléttar hliðar, og ekkert grösuguar. Liggur vegurinn upp úr botni fjarðarins yfir svonefnda Hestakleif og niður hjá Kleifakoti í Mjóafirði. Ekki er árennilegt að koma þarna að Hestakleif. Hlíðin snarbrött með klettagirðingum efst. Gekk seint að komast upp, því hrossin voru óvön svona fjallaför og stóðu hvert fyrir öðru í götutroðninum. Efst í fjallinu eru eins og tröppur í klettabeltið og gil á aðra hönd, svo ekki þarf annað en að hrossin bítist eða leggi hvort í annað, til þess að þau hrapi í gilið. Þegar upp á brúnina kemur annað gil, á vinstri hönd, svo djúpt að það á engan sinn líka hér um slóðir, og þverhnypt sem húsveggur.“⁹

Ekki var gegnið upp Hestakleif við vettvangsvinnu þar sem leiðin og vörðurnar höfðu verið skráðar (sjá Aldred. 2009).

⁸ Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði. 1935: 3-4.

⁹ Kristján Jónsson. 1915:124.



Mynd 10. Leiðin um Hestakleif [2498-004] og vörður [2498-014].

Númer: 2498-014

Hlutverk: Samgöngubót


Tegund: Varða

Staðsetning: A:335306 N:592234

Ástand: Greinanleg

Staðhættir

Vörðurnar eru um 21 talsins samkvæmt Mynd 11 og eru meðfram gömlu leiðinni [2498-004] um Hestakleif.




Mynd 11. Mynd frá skráningu Vatnsfjarðarrannsóknna þar sem leiðin um Hestakleif var gengin árið 2008 og vörður eru mældar inn á svæðið (Aldred. 2009:26)

Minjalýsing

Á árunum 2007 og 2008 var leiðin Hestakleif skráð af Oscar Aldred sem partur af Vatnsfjarðarrannsókninni. Þar voru skráðar vörður með um 50 m millibili. Leiðin er um 5 km löng og hefur verið mikið notuð á árum áður þar sem vegurinn er greinilegur og var hægt að fylgja vörðum meðfram honum. Vörðurnar voru steinhlaðnar og margar þeirra fallnar og sumar endurhlaðnar líklega á fyrri hluta 20. aldar.¹⁰

Ekki var gegnið upp Hestakleif við vettvangsvinnu þar sem leiðin og vörðurnar höfðu verið skráðar (sjá Aldred. 2009).



Mynd 12. Hér er mynd frá skráningu Vattarfjarðarrannsóknna (Aldred. 2009:26) lagt yfir kort með skráningu Hvanneyrardals. Þar sést að punktar sem tákna vörður og fylgja þær veginum um Hestakleif.

¹⁰ Aldred. 2009:26

Númer: 2498-005

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A:333442

N:590816

Ástand: Greinanleg

Staðhættir

Vegur liggur meðfram dalnum austan megin og liggur hann frá minni Hvanneyrardals og upp á hálendið.



Mynd 13. Vegur [2498-005] sem liggur upp á hálendi.

Minjalýsing

Vegurinn er um 8.5 km langur og er mjög illfarinn. Árfarvegir skerða veginn á nokkrum stöðum og er hann einungis ferðafær á jeppa. Samkvæmt loftmynd fylgir vegurinn Ísafjarðará upp í Miðdal þar sem hann virðist enda þegar komið er upp á hálendið. Aðrir vegspottar koma út frá veginum og er greinilegt að þeir spottar séu nútímavegir eftir bifreiðar til að komast nær ánni til veiða.

Í dag er vegurinn nokkuð bílfær en líklegt er að vegurinn hafi verið gerður eftir gömlum slóða sem hafði verið þar áður inn eftir dalnum og upp á hálendið.



Mynd 14. Vegur [2498-005] sem liggur austan megin í dalnum upp á hálendið.

3.2 Svæði 2, 3 og 4 - Miðdalur og Hvanneyrardalur, suðaustur hluti Glámu, Vattardalsá og Tröllsá.

Svæðið er staðsett á suðausturhluta hálendis sem nefnist Gláma, þaðan teygir svæðið sig niður Hvanneyrardal og Miðdal niður að svæði 1 til norðausturs í Ísafirði, og fylgir Vattardalsá og Tröllsá niður að svæði 5 í Vattarfirði til suðurs.

Farið var yfir lágflugsmyndir af svæðinu en ekki var talið að gæði þeirra voru nógu góðar til að leitast eftir fornminjum á svæðinu. Farið var yfir loftmyndir af svæðinu og ekki var hægt að staðsetja greinilegar leiðir yfir hálendið. Þær minjar sem voru skráðar á hálendinu eru heimildir um leiðirnar Skálmardalsheiði og Glámuheiði.

Númer: 2498-006

Sérheiti: Skálmardalsheiði

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ekki vitað

Ástand: Ekki vitað

Staðhættir

Vegurinn liggur yfir heiði sem nefnist Skálmardalsheiði. Leiðin fer frá Skálmardal í Múla til sýslumóta Ísafjarðarsýslu.¹¹ Þessi vegur er sjáanlegur á korti frá árinu 1849 eftir Björn Gunnarsson og Olaf Nikolas Olsen¹², þar virðist vegurinn liggja vestan megin við Kleifarkot (sjá Mynd 15).

Á Herforingaráðskorti frá 1912-13 er leiðin merkt frá botni Gerfidals (sjá Mynd 2). Samkvæmt Örnefnaskrá Gerfidals segir að vegurinn sé staðsettur inn af botni Gerfidals og kallast sá vegur Skálmardalsheiði.¹³


¹¹ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1878, 1878-1979*:139

¹² Björn Gunnarsson og Olaf Nikolas Olsen, 1849.

¹³ Örnefnaskrá Gerfidals. 1937-38: 2.

Minjalýsing

Leiðin er ekki sjáanleg á loftmyndum frá Landmælingum Íslands vestan við Kleifakot í Hvanneyrardal, en hún er sjáanleg frá Gerfidal. Líklega er leiðin vitlaus merkt inn á kort Björns Gunnarssonar og Olafs Nicolas Olsen frá 1849 eða að annar vegur hefur verið notaður á þeim tíma sem var ekki eins fjölfarin og leiðin frá Gerfidal, og er því ekki sjáanleg á loftmynd. Leiða má líkum á því að vegur [2498-005] hafi verið gamli vegurinn upp á heiðina frá Hvanneyrardal.



Mynd 15. Kort eftir Björn Gunnlaugsson og Olaf Nikolas Olsen frá árinu 1849. Þar er Skálmarðalsheiðin merkt inn á kortið frá Skálmarfjörð í Skálmarfjörð yfir í Miðdal í Ísafirði.

Númer: 2498-015

Sérheiti: Glámuheiði

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ekki vitað

Ástand: Ekki vitað

Staðhættir

Yfir Glámuheiði hefur verið fjallvegur milli Arnar- og Dýrafjarðar og yfir til fjarða vestan Djúps. Liggur þessi vegur norðan til yfir Glámu, sem var talinn vera jökull áður fyrr.¹⁴ Vegur þessi hefur verið fjölfarinn í fortíðinni og er Glámuheiði nefnd í Sturlungasögu þar sem Þorvaldur Vatnsfirðingur fór yfir Glámuheiði í þriðju aðför sinni að Hrafni Sveinbjarnarsyni er hann varð honum að bana.¹⁵

Einnig var farið eftir leið meðfram suðurrönd Glámu, þá frá Geirþjófsdal og yfir í Skálmarfjörð. Þingmannaheiði er staðsett sunnan við Glámu og Skálmardalsheiði er austan við hana. Vegirnir um Glámu voru að fornu tíðfarnir en nú eru þeir sjaldan farnir.¹⁶

Stefán Stefánsson nefnir leiðina um Glámu sunnan megin og yfir í Skálmarfjörð. Þar segir hann frá ferðum sínum; „*Inn af Vatnsfirði, sem gengur norður úr Breiðafirði er dalur er nefnist Vatnsdalur. Gengur hann norður undir Suðurskeifuhæl Glámu. Vatn allstórt er í dalnum og liggur það til norðausturs, en ekki norðvesturs, eins og sýnt er á kortinu. Inn af því eru flatar eyrar fram með ánni, er í það fellur. Gengur þaðan afarlangt daldrag (Beinalág< svokölluð?) austur með allri Glámu að sunnan, nokkru fyrir norðan Þingmannavegin, sem sýndur er heldur norðarlega á kortinu. Eg fór sunnan við drag þetta alla leið úr Vatnsdalsbotninum og austur í Skálmardal.*“¹⁷

Minjalýsing

Leiðirnar norðan og sunnan Glámu eru ekki sjáanlegar á loftmyndum frá Landmælingum Íslands og því ekki hægt að geta um nákvæma staðsetningu. Líklega eru leiðirnar þar enn,

¹⁴ Oddur Sigurðsson. 2004: 48.

¹⁵ Sturlungasaga. 1953: 444.

¹⁶ Þorvaldur Þóroddsen. 1911: 16

¹⁷ Stefán Stefánsson. 1910: 38

en þar sem þær eru sjaldan farnar nú á tíð geta þær verið að mestu horfnar. Leiðin norðan til á Glámu er utan skráningasvæðis en leið sunnan við Glámu nær líklegast inn á skráningasvæðið, þar sem Stefán Stefánsson nefnir leið norðan Þingmannaheiðar og inn í Skálmarfjörð. Leiðirnar eru ekki merktar inn á Herforingaráðskort og Uppdrætti Íslands eftir Björn Gunnarsson og Olaf Nikolas Olsen.

3.3 Svæði 5 – Vattardalur

Svæðið nær frá botni Vattarfjarðar og u.þ.b. þrjá km inn dalinn að ármótum Vattardalsár og Tröllsár. Í dalnum eru skráð tvö eyðibýli og eru það Fífa og Fornasel. Gömul leið er skráð sem liggur frá Vattardal yfir í Vatnsfjörð sem heitir Þingmannaheiði, vegur inn í dalinn og þrjár náttúrulegar minjar tengt örnefninu „þing“. Þessar minjar voru skráðar á Herforingaráðskort frá 1912 (sjá Mynd 16).



Mynd 16. Herforingaráðskort frá 1912 þar sem eyðibýlin Fornasel [2498-008] og Fífa [2498-008] eru merkt. Þingmannaheiði [2498-009], Þingmannakleif [2498-010], Þingmannarjóður [2498-011] og Þingmannatjörn [2498-012] eru einnig merkt inn á kortið.

Númer: 2498-007

Sérheiti: Fornasel

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 326611

N:575889

Ástand: Ekki sést til fornleifa

Staðhættir

Við minni dalsins er eyðibýlið

Fornasel. Býlið er merkt sem

eyðibýli á Herforingjaráðskorti

frá 1912 ofan og norðaustan við Þingmannarjóður. Býlið á a vera staðsett austan við Vattardalsá og norðan við Fornaselsá. Býlið er ekki nefnt í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.



Mynd 17. Horft yfir svæðið þar sem fornasel er staðsett. Hér sést að kjarr hefur tekið yfir svæðið.



Mynd 18. Staðsetning Fornasels samkvæmt heimildum.

Minjalýsing

Engin ummerki sjást af býlinu Fornasel þar sem gróður og mikið kjarr hefur tekið yfir svæðið.

Benedikt Guðlaugsson segir frá athyglisverðum atburðum frá ferðum sínum um Vattarfjörð sumarið 1956. Frásögn þessa skrifaði hann í tímaritinu *Breiðfirðingur* þar sem hann segir; „Ég var hálfþreyttur eftir aksturinn og sofnaði fljótt. Mig dreymir þá að inn í bílinn kemur fólk, maður og kona og drengur 10-12 ára. Var fólkið mjög fornfálega klætt, í vaðmálsfötum og mjög svo fátækt. Einhvernvegin vissi ég að mig var að dreyma og þyrfti helst að vakna til að losna við þennan félagsskap sem mér var næsta ógeðfelldur. Ég þóttist vita að þetta væru hjón og sonur þeirra. Ég fór heldur að amast við fólkinu og sýndi því fram á að hér væri ekkert pláss fyrir svo marga en við félagar þyrftum að fá næði til að hvílast. Hjónin hurfu þá úr bílnum en pilturinn varð eftir. Innti ég hann þá eftir hvernig stæði á ferðum hans hér á þessum eyðistað. Kvaðst hann hafa orðið okkur samferða. „Varst þú í bíl?“ spyr ég. „Nei“ segir hann „ég var með hestinn með biblíuna.“ Og með það fór hann út úr bílnum en ég vaknaði og sá á eftir honum. Skellti ég þá hurðinni í lás og svaf draumlaust til morguns. Við félagar vögnuðum að morgni og bjuggum okkur til að fara til árinna en til þess þyrftum við að fara yfir gilið. Þar komu í ljós mjög grónar rústir sem birkið hefir þegar lagt undir sig. Kom mér nú draumurinn í hug og þótti sem til mín leitaði um nóttina, ef til vill í leit að húsaskjóli sem ekki var veitt. [...] þegar ég kem vestur fyrir Vattarnes eru þau hjónin Hallbjörn og Stefanía frá Vattarnesi þar á veginum. Vattarnes hefir verið í eyði nokkur ár en þau hjónin voru þar á sumrin. [...] Mér dettur í hug að spyrja hann um tóftirnar við gilið. Segir hann mér þá það sem hér fer á eftir: „Þetta er gamalt býli sem Fornasel heitir. Bjuggu þar síðast hjón sem áttu son 10 eða 12 ára þegar þetta gerðist. Var hann eitt sinn sendur með hest útað Vattarnesi og drukknaði hann í bæjargilinu á heimleið.“ [...] Fornasel hefir ekki verið byggt í um 200 ár. [...] Að sumarlagi er Vattardalur yndislegur staður að dvelja á og gott mun þar undir bú. Varla mun þó Fornasel byggjast að nýju. Birkið er að leggja dalinn undir sig. Gott væri þar til skógræktar. Máski eiga Fornaselsbrekkur eftir að klæðast fögrum og nytjaríkum barrskógi til gagns og gleði óbornum kynslóðum.“¹⁸

¹⁸ Benedikt Guðlaugsson. 1991: 112-115.



Mynd 19. Fornasel í Vattardal mynd fengin úr tímaritinu Breiðfirðingur (Benedikt Guðlaugsson, 1991:114)

Númer: 2498-008

Sérheiti: Fífa

Eldra Sérheiti: Fífustaðir

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 326591

N:577179

Ástand: Ekki sést til
fornleifa



Mynd 20. Staðsetning Fífu samkvæmt heimildum.

Staðhættir

Ofar í dalnum austan við Vattardalsá og norðan við Illugil er eyðibýlið Fífa. Býlið er merkt sem eyðibýli á Herforingjaráðskorti frá 1912.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir að; „*Fijfustader. Fornt eyðiból fram á Vattardal í Múlalandi. Þar er nú sel frá Múla, og hefur verið lánngvarandi. Ekki hefur þetta býli bygt verið í næstu hundrað ár, eður lengur, en byggíngaleifar sjást þar, bæði tófta og girðínga. Ekki má þar aftur byggja, því túnið er mestalt yfir fallið af skriðu. Landið brúkast til heitar frá selinu, og má staðurinn þess ekki án vera.*“¹⁹

Í Jarðartali Johnsen frá 1847 segir um jörðina Vattarnes: „*1805 getur um eyðijarðir Skálmarnesmúla, Fífilstaði og Urðarsel, hér í grennd, sem sé hafðar til beitar.*“²⁰

Í tímaritinu Blanda er Fífustaðir nefndir, þar segir að; „*Nikulás prestur bjó á öllum Múla (á Skálmanesi) og hafði selstöðu á Fífilstöðum í Vattardal.*“²¹

Minjalýsing

Engin ummerki sjást af býlinu Fífu þar sem gróður og mikið kjarr hefur tekið yfir svæðið. Líklegt er að býlið sé horfið undir kjarr eða skriðu, þar sem Árni og Páll greina frá því árið 1711 var býlið komið í eyði og ekki mátti þar byggja aftur þar sem skriður hafði fallið yfir mest allt túnið.

Númer: 2498-009

Sérheiti: Þingmannaheiði

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: A: 324139 N:578467

Ástand: Illgreinanleg

¹⁹ Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI. Bindi, 257.

²⁰ Johnsen, J. 1847:178

²¹ Gísli Konráðsson. 1924-1927: 69.

Staðhættir

Á Vattarnesi austanverðu var áður þingstöð Vestfirðinga. Sagt er að Kollabúðarþing hafi flutt þangað á 13.öld. Tengjast því örnefnin Þingmannaheiði, Þingmannakleif, Þingmannarjóður og Þingmannatjörn.²² Landhagaskýrslur frá 1912 segir um leiðina yfir Þingmannaheiði: „Þá inn með Vattarfirði austan megin og yfir Vattardalsá yfir í Þingmannarjóður, undir Þingmannakleif. – Yfir Þingmannaheiði er fjallvegur og ofan Þingmannadal Norðanverðan, ofan í Smiðjukleifar. Þaðan liggur sýsluvegur yfir Vatnsdalsá rjétt hjá vatninu og út með Vatnsfirði vestanverðum, yfir Pennu og Þverá að Brjánslæk.“²³

Sagt er um Þingmannaheiði í bókinni *Vestfirzkar Þjóðsögur* frá árinu 1954; „Þingmannaheiði er langur fjallvegur fyrir þá, sem lengst áttu þing að sækja í Skálmafirði, en einn auðveldasti fjallvegur í Vestfjörðum. Fyrir þá, sem nær voru þingstöðinni mátti komast af og á Þingmannaheiði frá flestum bæjum með tiltölulega stuttum afkrókum.“²⁴

Leiðin er vinsæl gönguleið í dag og tekur gangan um sex klukkustundir. Lýsing á leiðinni er svo; „Ganga yfir Þingmannaheiði hefst við annan hvorn enda hennar upp úr Vatnsfirði um upp Þingmannadal eða upp frá eyði við Skálmanes á milli Vattarfjarðar og Kerlingafjarðar, þ.e. ef bílvegurinn sem tekin var í notkun árið 1951 er genginn, annars liggur leiðin upp bratta sneiðinga Þingmannakleifarinnar upp úr Vattarfirði. [...] Grettistak er að finna austur af Mjóafjarðarlindum u.þ.b. á háheiðinni. Steinn þessi var eitt sinn stórt grettistak og tollði ofan á minni steinum en hefur fyrir all nokkru hrunið niður af þeim og klofnað í þrennt. Á einu brotinu er að finna rúnarristu, í fyrstu að sjá eins og HF en þegar betur er að gáð eru þetta torkennilegar rúnir sem ekki er vitað hvað þýða.“²⁵

Minjalýsing

Þingmannaheiði er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1912 (Mynd 16) sem auðkenndur vegur með vörðum eða staurum. Einnig er leiðin merkt inn á kort Björns Gunnlaugssonar og Olafs Nikolas Olsen frá 1849 (Mynd 21). Leiðin liggur frá Vattardal og yfir heiðina að Vatnsfirði. Vegurinn upp frá Vattardal er gömul alfararleið og er því nánast óljós upp


²² Arngrímur Fr. Bjarnason, 1954: 169.

²³ Landshagaskýrslur fyrir Ísland 1912. 1913: 206

²⁴ Arngrímur Fr. Bjarnason, 1954: 170.

²⁵ Barðastrandahreppur. 2016.

kleifarnar. Vörður eru við veginn og eru þær margar vel reistar. Í dag er leiðin farin upp frá Eyði.



Mynd 21. Kort Björns Gunnlaugssonar og Olaf Nikolás Olsen frá 1849 þar sem Þingmannahéiði er merkt inn á kortið frá Vattardal að Vatnsfirði.

Númer: 2498-010

Sérheiti: Þingmannakleif

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 326035 N:575350

Ástand: Ekki sést til fornleifa

Staðhættir

Þingmannakleif er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1912 og er staðsett vestan Vattardalsá sunnan við Þingmannarjóður við minni Vattarfjarðar þar sem er leið yfir Þingmannaheiði. Leiðin liggur upp bratta kleifina en sú leið er orðin torfær og er oftast farið leiðina upp frá Eyði.

Í mati á umhverfisáhrifum fyrir Vestfjarðarveg milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í Reykhólahrepp og Vesturbyggð frá árinu 2011 segir; „*Náma C – Þingmannarjóður. Náman er í Vattarfirði við Þingmannakleif. Flatarmál hennar er 6.800 m². Ekki fundust nein merki um fornleifar þar sem fyrirhuguð er efnistaka. Lítill varða hefur verið hlaðinn upp á klöppinni en hún ber öll merki þess að hafa verið hlaðin afferðamönnum eða börnum á síðastliðnum árum og telst fullvíst að ekki sé um fornleifa að ræða. Í ágúst 1999 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun vegna veglagninga á svæðinu og samkvæmt þeirri skýrslu fundust ekki fornleifar á þeim stöðum þar sem námurnar eru fyrirhugaðar (Ragnar Edvardsson 2001).*“²⁶

Minjalýsing

Engar minjar tengdar örnefninu Þingmannakleif voru að finna á svæðinu, en leiðin um Þingmannaheiði liggur þar upp.



Mynd 22. Leiðin þingmannaheiði um Þingmannakleif niður í Vattardal. Myndin er í einkaeigu.

²⁶ Vegagerðin. 2011

Númer: 2498-011

Sérheiti: Þingmannarjóður

Hlutverk: Örnefni, Áfangastaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 326226 N:575526

Ástand: Ekki sést til fornleifa

Staðhættir

Þingmannarjóður er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1912 og er staðsett vestan Vattardalsá við minni Vattarfjarðar. Örnefnið tengist leiðinni yfir Þingmannaheiði. Gamli vegurinn er staðsettur upp frá Þingmannarjóðrinu.

Minjalýsing

Engar minjar eru að finna á svæðinu þar sem örnefnið er skráð.



Mynd 23. Horft yfir Þingmannarjóður [2498-011] og Þingmannakleif [2498-010] fyrir ofan.

Númer: 2498-012

Sérheiti: Þingmannatjörn

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 326250 N:575713


Ástand: Ekki sést til fornleifa

Staðhættir

Þingmannatjörn er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1912 og er staðsett vestan Vattardalsár norðan við Þingmannarjóður við minni Vattarfjarðar. Örnefnið tengist leiðinni yfir Þingmannaheiði.

Minjalýsing

Engar minjar eru að finna á svæðinu þar sem örnefnið er skráð.



Mynd 24. Minjar tengdar örnefninu "þing". Þingmannaheiði [2498-009], Þingmannakleif [2498-010], Þingmannarjóður [2498-011] og Þingmannatjörn [2498-012]. Á myndinni sést leið norðan við leið [2498-009], sá vegur er nútímavegur sem fer upp að rafmagnsstaur.

Númer: 2498-013**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Vegur**Staðsetning:** A:326530
N:575903**Ástand:** Greinanleg**Staðhættir**

Vegurinn er staðsettur rétt vestan við árbakka Vattardalsár upp í dalinn.

Vegurinn beygir út til norðurs frá gamla veginum rétt við steypa brú yfir Vattardalsá.



Mynd 25. Vegur [2498-013] liggur upp með Vattardalsá þar sem hann hverfur inn í kjarr.

Minjalýsing

Vegurinn er um 1 km langur og 3 m breiður. Vegurinn er bílfær nokkuð inn í dalinn niður að árbakka og er líklegast notaður til að komast að ánni til veiða. Þegar komið er áleiðis hverfur vegurinn inn í kjarrið og var ekki hægt að fylgja honum lengra. Leiðin verður þrengri í norður endann og því einungis göngufær. Líklegt er að vegurinn fylgir gömlum slóða sem lá inn í dalinn en engar heimildir voru að finna um leiðina.



Mynd 26. Vegur [2498-013] sem liggur vestan við Vattardalsá.

4 NIÐURSTÖÐUR

Alls voru skráðar 15 minjar við fornleifaskráninguna. Sex minjar á svæði 1 í Hvanneyrardal, tvær minjar á svæði 2, 3 og 4 ofan á heiði og sjö minjar á svæði 5 í Vattardal.

Með heimildarvinnu og loftmyndum voru staðsettar gamlar leiðir. Við skráninguna fundust sex leiðir. Þingmannaheiði [2498-009] og vegur [2498-013] í Vattardal, Hestakleif [2498-005], vegur [2498-004] inn í Hvanneyrardal og Skálmardalsheiði [2498-006] og Glámuheiði [2498-015] uppi á hálendinu. Meðfram leiðinni um Hestakleif eru vörður [2498-014] með um 50 m millibili. Vörður eru einnig skráðar á Herforingaráðskort frá 1912 meðfram Þingmannaheiði. Leiðirnar um Skálmardalsheiði og Glámuheiði sjást ekki á loftmyndum, gæti það verið vegna lélegra gæða myndanna eða að leiðirnar eru ekki eins fjölfarnar í dag. Vegir [2498-005] í Hvanneyrardal og [2498-013] í Vattardal eru bíl færir vegir sem fylgja ánum, en líklega hafa þarna verið slóðar sem fylgt var eftir.

Þó svo að leifar af býlunum Fornasel [2498-007] og Fífu [2498-008] í Vattardal og Glámuvöllum [2498-001] og Tókustöðum [2498-002] í Hvanneyrardal voru ekki sjáanlegar við vettvangsvinnu er hægt að leiða líkum að því að þau séu horfin undir gróður. Fífa, Glámuvellir og Tókustaðir voru komnir í eyði 1710-1711 þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín skráðu jarðir og var ekki byggt þar aftur. Fornasel var ekki nefnt í jarðartali þeirra og líklegt að jörðin hafi einnig verið komin í eyði þá.

Bæði í Hvanneyrardal og Vattardal hefur náttúran fengið að hafa sinn gang. Svæðið í Vattardal var mest allt kjarrlendi og mýrar og virðist ekki vera mikið um ágang dýra eða manna í dalnum. Í Hvanneyrardal er meira um umferð manna með veginum sem liggur inn með dalnum, þar sem veiði er í ánni. Svæðið sem var kannað í Hvanneyrardal var mýrlendi mikið vaxið gróðri og kjarri. Vegna þessa var erfitt að staðsetja minjar í báðum dölunum vegna gróðurs. Þær fornleifar sem eru skráðar hér í skýrslunni voru fundnar í heimildum, út frá örnefnum og með því að rýna í loftmyndir og gömul kort.

Þó svo að minjar voru ekki staðsettar við vettvangsvinnu er líklegt að undir gróðrinum séu fornleifar sem eru í mikilli hættu vegna framkvæmda. Lagt er til að framkvæma borkjarnarannsókn á þeim stöðum þar sem býlin eiga að vera staðsett, bæði í

Hvanneyrardal og Vattardal, til að kanna hvort minjar séu að finna þar undir og til að fá nákvæma staðsetningu á býlunum. Rannsókn með kjarnabor getur svarað mikilvægum vísindaspurningum án mikillar röskunar.

5 HEIMILDASKRÁ

- Aldred, O. (2009) Vatnsfjörður Landscape Survey. Í *Vatnsfjörður Framvinduskýrsla/ Interim Report* (FS426-03098). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 17-39.
- Arngrímur Fr. Bjarnason. „Forn Þingstöð í Skálmafirði“ *Vestfirzkar Þjóðsögur*. 1954: 169-170.
- Atlaskort, Landmælingar Íslands
- Barðastrandahreppur*. 2016. Þingmannaheiði. Sótt 19. október 2020 af http://www.bardastrandahreppur.net/Lei%C3%B0ir/thingmannaheidi/#_ftnref1
- Benedikt Guðlaugsson: „Fornasel í Vattardal.“ *Breiðfirðingur* 49 (1991), bls. 112-115.
- Björn Gunnlaugsson og Olaf Nikolas Olsen. 1849. *Uppdráttir Íslands*. Kort. Kaupmannahöfn.
- Gísli Konráðsson. „Um nokkra Flateyingapresta,“ *Blanda, Fróðleikur Gamall og Nýr*. III. Bindi (1924-1927): 69-81.
- Guðrún Ása Grímsdóttir, 2012, *Vatnsfjörður í Ísafirði. Þættir úr sögu höfuðbóls og kirkjustaðar*. Þingeyri. Vestfirska forlagið á Þingeyri
- Herföngjaráðskort frá 1912. Kort 23 – Vattarnes, Gufudalur N.V. Landmælingar Íslands.
- Herföngjaráðskort frá 1912-13. Kort 22 – Skálmardalsheiði, Langadalsströnd S.V. Landmælingar Íslands.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Dala- og Barðastrandasýsla. VI bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag 1938.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Ísafjarðar- og Strandasýsla. VII bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag 1938.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.
- Kristján Jónsson. „Ferðapistlar“ *Vestri*, XIV árgangur, 37. Tölublað (1915): 142
- Landshagaskýrslur fyrir Ísland 1912*. „Skýrsla um sýsluvegi á Íslandi 1913 eftir upplýsingum frá sýslunefndum“. 1913: 199-215.
- Oddur Sigurðsson. 2004. Gláma, Að vera eða vera ekki - jökull. *Náttúrufræðingurinn*, 72. árg. 1-2 bindi, bls. 47-6. Ritstýrt af Álfheiði Ingadóttur. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.
- Ragnar Edvardsson. 2001. *Fornleifakönnun vegna Vestfjarðavegar frá Skálmafirði til Kollafjarðar*. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina vegna frummats á umhverfisáhrifum. Náttúrustofa Vestfjarða.

Stefán Stefánsson. 1910. Gláma. *Skírnir Tímarit hins íslenska Bókmenntafélags*, 84. árg., bls. 34-40. Ritstýrt af Byrni Bjarnasyni. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1878. „Auglýsing um sýsluvegi í vesturamtinu“. 1878-1979: 139

Sturlungasaga. 1953, I bindi. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Haukadalsútgáfan, Akureyri.

Vegagerðin. 2011. *Vestfjarðarvegur (60) Milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði í Reykhólahreppi og Vesturbyggð. Mat á Umhverfisáhrifum. Matsskýrsla*. Viðauki I – Fylgiskjöl. Sótt 24. nóvember 2020 af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60_31-33MauMat_Fylgiskjol/\\$file/60_31-33MauMat_Fylgiskj%C3%B6l.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60_31-33MauMat_Fylgiskjol/$file/60_31-33MauMat_Fylgiskj%C3%B6l.pdf)

Þorvaldur Þóroddsson. 1911. *Lýsing Íslands*, annað bindi. Kaupmannahöfn. Prentað hjá S.L. Möller.

Óútgefið efni:


Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði. [án árs] Ásgeir Svanbergsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá Eyri í Ísafirði. 1935. Jón Hjaltason skráði að sögn Sigurðar Steinssonar. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá Gerfidal. 1937-38. Jón Hjaltason skráði að sögn Sigurlaugs Einarssonar. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

6 KORT

Hvanneyrardalur



Vattardalur

